

**Efni samráðs:**

Drög að Sóknaráætlun Suðurnesja 2020-2024.

Samráð hófst:

18.12.2019

Samráði lauk:

07.01.2020

Fjöldi umsagna:

3

Umsagnaraðilar

Jóhanna P. Björgvinsdóttir, Ásdís Ólafsdóttir og Valdimar Össurarson.

Samantekt um umsagnir og viðbrögð.

Fyrsta umsögnin frá Jóhönnu Björgvinsdóttur var um að setja þyrfti inn áætlun í Sóknaráætlun Suðurnesja um að koma í veg fyrir sóun á reynslu og færi fólks milli fimmtugs og sextíu og sjö ára sem er án atvinnu. Umsögn frá Ásdísi Ólafsdóttur snýr að því að í boði sé metan á bifreiðar á Suðurnesjum líkt og á Akureyri. Lagt er til að lífrænum úrgangi frá heimilum og stofnunum á Suðurnesjum sé safnað við grenndargáma. Varað er við því að fara í miklar gróðursetningar á svæðinu. Umsögn Valdimars Össurarsonar snýr að því að eflingu á starfi frumkvöðla og hugvitsmanna með því að setja upp aðstöðu fyrir þá. Jafnframt leggur hann til að áætlunin styðji við þróun á tækni til sjávarorkunýtingar en Valdimar rekur sjálfur fyrirtæki Valorku ehf. sem vinnur við þróun á slíkri tækni.

Að loknu samráði

Stjórn Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum fagnar þeim umsögnum sem bárust. Ekki var talið að gera þyrfti efnislegar breytingar á birtum drögum að loku umsagnarferlinu. Sveitarfélögin á Suðurnesjum eru að vinna að gerð atvinnustefnu fyrir svæðið og ekki er talið að hafa þurfi atvinnustefnu fyrir sérstakan aldurshóp, heldur eigi hún að gagnast öllum.

Sorpmál og umhverfismál eru mikilvæg málefni sem eru sveitarstjórnarfólki á Suðurnesjum hugleikin. Unnið verður áfram að þeim málum á Suðurnesjum með sjálfbæri og umhverfisvernd í huga. Reykjanes UNESCO Geopark spilar það lykilhlutverk.

Fyrir liggja breytingar á Nýsköpunarmiðstöð Íslands og hefur Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum lýst yfir áhuga á að taka við verkefnum sem NMÍ sinnti að hluta til áður, sem og að hefja samstarf með menntastofnunum á Suðurnesjum um rekstur FABLAB. Vonandi mun það leiða til þess að hægt verði að opna FABLAB í samstafi við Lykilaðila á svæðinu í framtíðinni.